

**Nd.**

**475. Breytingartillögur**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá Jakob Möller.

- I. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:  
27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:  
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.
- II. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrstu málsgr. 29. gr. falli burt.  
Orðin »enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk« í enda sömu málsgr. falli burt.  
Fyrri málsliður síðustu málsgreinar sömu greinar («Með sömu skilyrðum ..... um land alt») falli burt.  
Fyrir orðin »í efri deild« í niðurlagi greinarinnar komi: sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.
- III. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:  
Orðin »í sjerstökum kjördæmum« í upphafi fyrri málsgreinar 30. greinar falli burt.  
Síðasti málsliður sömu málsgreinar («Með sömu skilyrðum . . . um land alt») falli burt.